

FUNDARGERÐ HLUTHAFAFUNDAR

Hluthafafundur Heimavalla hf., kt. 440315-1190 (hér eftir „félagið“) var haldinn 14. maí 2020 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík kl. 15:00.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá:

1. Breyting á samþykktum félagsins.
2. Stjórnarkjör.
3. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru uppborin

Setning fundarins o.fl.

Formaður stjórnar félagsins, Erlendur Magnússon, setti fundinn og lagði til að Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl. yrði kjörinn fundarstjóri. Var það samþykkt samhljóða. Guðmundur Ingvi tók við stjórn fundarins og lagði til að Erlendur Kristjánsson, lögmaður félagsins, ritaði fundinn. Var það samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins en boðað var til fundarins með auglýsingu í innlendum miðli og á heimasíðu félagsins þann 23. apríl sl. í samræmi við 88. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 2. mgr. 12. gr. samþykkt félagsins. Fundarstjóri spurði hvort einhverjir viðstaddir gerðu athugasemdir við boðun fundarins, en engar athugasemdir bárust.

Fundarstjóri fór því næst yfir mætingu og upplýsti að mætt var f.h. 3 hluthafa á fundinum sem fóru samtals við 8.368.309.956 atkvæði, eða 74,38% af hlutafé félagsins.

Þá upplýsti fundarstjóri að framkvæmdastjóri, stjórnarformaður, varaformaður stjórnar og einn meðstjórnandi væri mættir, í samræmi við skilyrði 3. mgr. 11. gr. samþykkt félagsins en aðrir stjórnarmenn, endurskoðandi og nefndarmenn endurskoðunarnefndar höfðu boðað forföll fyrir fundinn.

Fundurinn var því næst lýstur lögmaður og gengið var til dagskrár.

1. Breyting á samþykktum félagsins

Fyrir fundinum lá tillaga frá Fredensborg ICE ehf. um breytingu á 18. gr. samþykkt félagsins, sem hljóðar í dag svo:

“Stjórn skal skipuð fimm einstaklingum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Um hæfi þeirra fer að lögum.

Við stjórnarkjör skal tryggja að kynjahlutföll innan stjórnar séu sem jöfnust og að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Við stjórnarkjör skulu tveir efstu frambjóðendur af hvoru kyni, sem flest atkvæði hljóta teljast réttkjörnir auk þess frambjóðanda sem flest atkvæði fær af þeim frambjóðendum sem eftir standa.

Þeir sem hyggjast bjóða sig fram til stjórnar skulu tilkynna félaginu um framboð sitt a.m.k. fimm sólarhringum fyrir hluthafafund. Tilkynning skal uppfylla ákvæði laga um hlutafélög. Jafnframt skulu frambjóðendur greina frá því hvort þeir telji sig óháða



félaginu og stórum hluthöfum þess samkvæmt skilyrðum í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja eins og þær eru samþykktar á hverjum tíma. Þeir einir eru kjörgengir á aðalfundi sem þannig hafa gefið kost á sér.

Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjäreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Félagsstjórn skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi, með sannanlegum hætti, kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests. Ef ekki er bætt úr göllum á framboðstilkynningunni innan hins tiltekna frests, úrskurðar félagsstjórn um gildi framboðs. Unnt er að skjóta niðurstöðu félagsstjórnar til hluthafafundar sem fer með endanlegt úrskurðarvald um gildi framboðs. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt ef framboð berast frá fleirum en í stjórn eru. Ef hluthafar félagsins eru 200 eða fleiri geta hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins krafist þess að beitt sé hlutfalls- eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna. Ef hluthafar eru færri en 200 þurfa hluthafar sem ráða yfir 1/5 hluta hlutafjárins að standa að kröfunni. Komi fram krafa frá fleiri en einum hluthafahópi og krafist er bæði hlutfalls- og margfeldiskosninga skal beitt margfeldiskosningu. Krafa um hlutfalls- eða margfeldiskosningu þarf að hafa borist stjórn að lágmarki fimm sólarhringum fyrir hluthafafund.

Lagt er til að 18. gr. samþykkt félagsins muni eftirleiðis hljóða svo:

„Stjórn skal skipuð þremur einstaklingum.

Frambjóðendur skulu tilkynna félaginu um framboð sitt a.m.k. fimm sólarhringum fyrir hluthafafund.

Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnunarstörf, menntun, reynslu og hlutafjäreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Félagsstjórn skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi, með sannanlegum hætti, kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests. Ef ekki er bætt úr göllum á framboðstilkynningunni innan hins tiltekna frests, úrskurðar félagsstjórn um gildi framboðs. Unnt er að skjóta niðurstöðu félagsstjórnar til hluthafafundar sem fer með endanlegt úrskurðarvald um gildi framboðs. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum tækifæri til að kveða sér hljóðs. Engar fyrirspurnir bárust.

Fundarstjóri bar því næst tillögu Fredensborg ICE ehf. um um breytingu á samþykktum félagsins upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

2. Stjórnarkjör

Samkvæmt samþykktum félagsins skal stjórn félagsins nú skipuð þremur einstaklingum. Eftirfarandi aðilar hafa gefið kost á sér í stjórn félagsins:

Andreas Søtvedt Oulie
Arve Regland
Helge Krogsbøl

Fundarstjóri upplýsir að stjórn hefur metið öll framboð til stjórnar gild, sbr. 63. gr. a laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Fundarstjóri upplýsti að engin mótframboð hafi borist og því teljist stjórnin sjálfkjörin.

3. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru uppborin


Engin önnur mál voru á dagskrá og enginn hluthafi hafði tilkynnt sérstakt fundarefni til félagsins. Fundarstjóri kannaði hvort einhver fundarmanna vildi kveða sér hljóðs.

Erlendur Magnússon, stjórnarformaður kvað sér hljóðs og þakkaði stjórn og stjórnendum fyrir samstarfið.


Fundarstjóri leitaði því næst heimildar fundarins til að klára fundargerðina ásamt fundarritara eftir fundinn en enginn óskaði eftir því að fundargerð yrði lesin upp í kjölfar fundarins.

Fundi var því næst slitið kl. 15:04.

Þannig staðfest af fundarstjóra og fundarritara:



Guðmundur Ingvi Sigurðsson
Fundarstjóri



Erlendur Kristjánsson
Fundarritari

Fundargögn sem lágu frammi á aðalfundinum:

Atkvæðaseðill
Dagskrá
Tillögur
Núgildandi samþykktir félagsins
Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar